

Ed.

234. Nefndarálit

[62. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. des. 1961.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og rætt það á fundum sínum. Frá Félagi síldar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi barst nefndinni erindi, þar sem þess er óskað, að deild sú í verðlagsráði sjávarútvegsins, sem kemur til með að fjalla um verðlagningu á fiskúrgangi til mjölvinnslu samkvæmt frumvarpi þessu, verði einnig látin ákveða verð á úrgangsfiski til mjölvinnslu.

Nefndin er sammála um að verða við umræddri ósk félagsins og hefur í samræmi við það leyft sér að bera fram breytingartillögu á sérstöku þingskjali. Að öðru leyti mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. febr. 1967.

Jón Árnason, form., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Sveinn Guðmundsson.	Helgi Bergs.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Ólafur Jóhannesson.